

Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 1999

Hinn 31. mars 1999 undirrituðu Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra og Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, samning um Hafréttarstofnun Íslands. Með samningnum er Hafréttarstofnun komið á fót en hún er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið hennar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu af hálfu utanríkisráðuneytisins Sverrir Haukur Gunnlaugsson aðalmaður og Tómas H. Heiðar varamaður, af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins Þorsteinn Geirsson aðalmaður og Arnór Halldórsson varamaður, og af hálfu Háskóla Íslands Gunnar G. Schram aðalmaður og Þorgeir Örlygsson varamaður.

Hafréttarstofnun efndi til kynningarfundar á Hótel Sögu 18. nóvember og var um 30 embættismönnum, hagsmunaaðilum í sjávarútvegi o.fl. boðið til fundarins. John Norton Moore, forstöðumaður Hafréttarstofnunarinnar við Virginíuháskóla, kynnti starfsemi stofnunar sinnar og síðan voru fyrirspurnir og umræður. Moore flutti opinberan fyrirlestur í Lögbergi daginn eftir.

Stjórnarmenn ræddu við John Norton Moore um samstarf Hafréttarstofnunar Íslands og Hafréttarstofnunarinnar við Virginíuháskóla og voru lögð drög að slíku samstarfi.